

Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 2. júní 2020

Mál nr. S-53/2020:

Lögrelustjórinn á Vestfjörðum
(*Karl Ingi Vilbergsson lögrelustjóri*)
gegn
Sveini Yngva Valgeirssyni
(*Skarphéðinn Pétursson lögmaður*)

Dómur

I

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þriðjudaginn 19. maí sl., er höfðað með ákæru lögrelustjórans á Vestfjörðum þann 20. mars sl., á hendur Sveini Yngva Valgeirssyni, kt. 070887-2909, Gerðakoti 5, Álftanesi,

„fyrir eignaspjöll, með því að hafa á tímabilinu 19. til 21. júlí 2019, felld nýu aspir, sem voru í eigu Ísafjarðarbæjar og gróðursettar, milli húsana nr. 4 og 6 við Drafnargötu á Flateyri, í minningu þeirra sem fórust í snjóflóðinu á Flateyri árið 1995, með þeim afleiðingum að þær drápu.“

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá héraðsdómi en til vara sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins. Til þrautavara krefst ákærði þess, verði hann fundinn sekur, að refsing verði látin niður falla en til þrautþrautavara krefst ákærði vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst ákærði þess að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, verði lagður á ríkissjóð, án tillits til niðurstöðu dómsins.

II

Ákærði kom fyrir dóminn og kannaðist við að hafa fellt þær aspir er málið varðar, á þeim tíma sem í ákæru greinir. Ákærði kvaðst hafa átt íbúð í húsi við Drafnargötu frá 2011 og hefði ásamt bróður sínum tekið húsið í gegn, m.a. lagnir og garðinn. Garðurinn hefði verið fullur af öspum. Ákærði kvaðst hafa haft samband við áhaldahús Ísafjarðarbæjar og óskað úrbóta, m.a. á holum í göngustígnum. Aspirnar hefðu vaxið án þess að nokkuð hefði verið að gert. Húsið hjá sér hefði verið þakið kvoðu af öspunum og þær slegist í húsið. Síðastliðið sumar hefði drengur dottið á höfuðið á þessum stíg, um holu á stígnum og þá hefði hann fjarlæggt aspirnar með því að saga þær niður. Ákærði kvaðst hafa ætlað að setja víði í staðinn fyrir aspirnar, þar sem bærinn sinnti þessu í engu og hefði ekki verið til í að koma til móts við sig í neinu. Þá kvaðst ákærði hafa fjarlæggt trén á eigin kostnað og látið við það sitja að fylla í holurnar sem mynduðust.

Aðspurður um samskipti sín við Ísafjarðarbæ vegna málsins kvaðst ákærði ítrekað hafa hringt og kvartað yfir þessu. Hann hefði haft samband við bæinn vegna þess að þetta hefði valdið tjóni á nýklæddu húsi sínu og hann hefði staðið í þeirri trú að þessi tré væru á vegum bæjarins. Þá kvað ákærði nágranna sína hafa hjálpast að við þetta en vildi ekki nafngreina menn. Þá kvað hann ferðalanga sem hann þekkti ekki hafa aðstoðað sig við að fylla holurnar sem mynduðust í stígnum. Ákærði kvaðst hafa talið sig vera að gera bænum greiða fremur en hitt. Þá hefði enginn gert athugasemdir við þessar framkvæmdir hans meðan á þeim stóð.

Þórdís Sif Sigurðardóttir, gaf skýrslu í síma við aðalmeðferð málsins og staðfesti að hafa verið starfandi bæjarstjóri á þessum tíma. Hún kvað málið hafa verið rætt í bæjarráði og upplýst að til staði að kæra þessi eignaspjöll. Þar hefði ekki verið talin þörf á því að taka málið fyrir í bæjarstjórn, það væri ekki svo stórt mál. Hennar verkefni, sem starfandi bæjarstjóra, hefði verið að vernda eigur bæjarins og því hefði hún kært þessi eignaspjöll.

Matthildur Ásta Hauksdóttir, garðyrkjufulltrúi Ísafjarðarbæjar gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hún kvaðst fyrst hafa heyrt af málinu eftir að aspirnar höfðu verið felldar. Hún kvaðst hafa séð um að hirða þennan stíg og umræddar aspir frá árinu 2015. Vitnið kvaðst hafa farið á vettvang daginn eftir atvikið og hitt þar fyrir nágranna ákærða sem hefði verið að fara með aspirnar í gám við hafnarsvæðið. Hann hefði sagst vera að hreinsa til fyrir vin sinn. Vitnið kvað aspirnar sjálfar ekki hafa mikið fjárverðmæti sem

slíkar en það kostaði hins vegar að laga skemmdirnar eftir þetta. Vitnið kvaðst aldrei hafa rætt við ákærða og hann hefði aldrei haft samband við sig um þessi tré. Þá kvaðst vitnið ekki hafa haft spurnir af því að einhver hefði haft ama af þessum tjám.

III

Ákærði er í máli þessu sakaður um eignaspjöll, með því að hafa á tímabilinu 19. til 21. júlí 2019, felld níu aspir, sem voru í eigu Ísafjarðarbæjar og gróðursettar, milli húsa nr. 4 og 6 við Drafnargötu á Flateyri, í minningu þeirra sem fórust í snjóflóðinu á Flateyri árið 1995, með þeim afleiðingum að þær drápust. Er brotið talið varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Málsatvik, eins og þeim er lýst í ákæru, eru í raun óumþrætt. Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa felld umræddar aspir á þessum tíma, en ákærði taldi sig vera að gera sveitarfélaginu greiða með háttsemi sinni fremur en ógagn.

IV

Ákærði krefst aðallega frávísunar málsins. Krafa ákærða um frávísun málsins byggir á því að ekki sé uppfyllt það skilyrði 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að sá sem misgert var við kæri þann verknað sem ákært er fyrir.

Samkvæmt framlögðum rannsóknargögnum má sjá að við lóðarmörk fasteignarinnar, sem var í eigu ákærða, liggur gangstígur. Gangstígur þessi liggur milli lóða húsanna við Drafnargötu 4 og 6, og er hluti bæjarlandsins. Á þessum stíg uxu umræddar aspir. Óháð því hver plantaði þeim trjám eða í hvaða tilgangi eða fyrir hvaða fjármuni liggur fyrir að trén stóðu í landi bæjarins og höfðu staðið þar um áratugi. Verður því ekki fallist á það með ákærða að óljóst sé hver hafi verið raunverulegur eigandi trjáanna.

Þá verður heldur ekki fallist á það með ákærða að starfandi bæjarstjóri á þessum tíma hafi ekki haft umboð til þess að leggja fram kæru á hendur honum. Óumdeilt er að Þórdís Sif Sigurðardóttir leysti bæjarstjórn af er atvik þessi urðu og hafði þá sömu valdheimildir og bæjarstjóri endranær, sbr. 49. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar

og fundarsköp bæjarstjórnar frá 18. janúar 2018, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þórdís Sif greindi frá því í skýrslu sinni fyrir dómi að ákvörðun um að kæra verknaðinn hefði verið rædd í bæjarráði. Þá verður litið svo á að í stöðuumboði framkvæmdastjóra bæjarins felist heimildir til þess að kæra eignaspjöll og skemmdarverk á eignum bæjarins.

Að ofanrituðu virtu er það niðurstaða dómsins að hafna beri kröfu ákærða um frávísun málsins frá dómi.

V

Ákærði hefur gengist við þeim verknaði sem greinir í ákæruskjali, fyrir dómi og hjá lögreglu. Með hliðsjón af játningu ákærða og að virtum rannsóknargögnum er sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar þykir rétt heimfærð til refsíákvæða. Hefur ákærði með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði ekki áður sætt refsingu. Refsing ákærða er hæfilega ákveðin 200.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, sem ákærða ber að greiða innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæta ella fangelsi í 14 daga.

Með vísan til 235. gr. laga um meðferð sakamála verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar málsins, sem er málflutningsþóknun skipaðs verjanda hans, Skarphéðins Péturssonar lögmanns, 642.320 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Bergþóra Ingólfssdóttir dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfu ákærða, Sveins Yngva Valgeirssonar um að málinu verði vísað frá dómi er hafnað.

Ákærði, Sveinn Yngvi Valgeirsson, greiði 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 14 daga.

Ákærði greiði 642.320 krónur í sakarkostnað, sem er málflutningsþóknun skipaðs verjanda hans, Skarphéðins Péturssonar lögmanns.

Bergþóra Ingólfssdóttir

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Vestfjarða 2. júní 2020